

Þriðjudaginn 5. desember 1989.

Nr. 5/1989.

**Alþýðusamband Íslands vegna  
Verkamannasambands Íslands vegna  
Verkalýðsfélagsins Rangæings**

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

**Dvalarheimilinu Lundi**

(Baldur Guðlaugsson hrl.).

Trúnaðarmaður. Uppsögn.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 30. f.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 15. september sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16, Reykjavík, vegna Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, vegna Verkalýðsfélagsins Rangæings, kt. 540174-0599, Verkalýðshúsinu við Suðurlandsveg, Hellu, Rangárvöllum.

Stefndi er Dvalarheimilið Lundur, kt. 440375-0149, Hellu, Rangárvöllum.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að uppsögn stefnda með bréfi dags. 27. febrúar 1989, þar sem trúnaðarmanni Verkalýðsfélagsins Rangæings hjá stefnda, Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, kennitala 240145-7669, var sagt upp starfi sínu frá og með 1. mars 1989 með þriggja mánaða fyrirvara, verði dæmd brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmæt af þeim sökum, að stefnda verði dæmd refsing skv. 11. gr., sbr. 70. gr., nefndra laga og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru:

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að með bréfi, dags. 27.2. 1989,

var Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur sagt upp starfi sínu hjá stefnda með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 1. mars s.á. Hún hafi þá starfað sem trúnaðarmaður stéttarfélags síns í starfsstöð stefnda frá 4. október 1985 og verið endurskipuð í þann starfa skv. fundarsamþykkt dags. 27. nóvember 1985. Af hálfu Verkalýðsfélagsins Rangæings var talið, að uppsögnin bryti í bága við 11. gr. laga nr. 80/1938, og átti formaður félagsins, Sigurður Óskarsson, viðræður við stjórnarmenn í stjórn dvalarheimilisins og reyndi að fá uppsögnina dregna til baka. Í framhaldi af þeim viðræðum ritaði formaðurinn öllum stjórnarmönnum stefnda ábyrgðarbréf, dags. 24.4. 1989, og fór fram á, að uppsögnin yrði dregin til baka og gengið frá sáttum í málinu. Jafnframt ritaði hann sama dag bréf til forstöðukonu dvalarheimilisins, þar sem hann lýsti þeirri von sinni, að hún stuðlaði að lausn deilunnar. Á næsta stjórnarfundum stefnda mun svo hafa verið samþykkt að reyna sættir í deilunni, og hafði stjórnarformaður stefnda samband við Sigurð Óskarsson og leitaði að sögn Sigurðar eftir því, hvort sættir gætu tekist á þeim grundvelli, að uppsögnin stæði, en Guðrúnu Birnu yrðu tryggð afleysingastörf á dvalarheimilinu og/eða einhverjar fébætur. Sigurður kveðst hafa tjáð honum, að afturköllun uppsagnarinnar væri forsenda fyrir sáttum, og hafi stjórnarformaðurinn þá sagt, að fyrst afturköllun uppsagnarinnar væri skilyrði fyrir sáttum, væri ekki meira um málið að segja. Enn kveður Sigurður hafa verið reynt að ná sáttum með milligöngu eins stjórnarmanns stefnda, en án árangurs, og lét Guðrún Birna af störfum í maílok 1989.

Málsástæður stefnanda eru þær, að trúnaðarmanni hans hafi verið sagt upp starfi, án þess að séð verði, að lögmætar ástæður hafi legið til uppsagnarinnar, og sé full ástæða til að ætla, að uppsögnin eigi rætur að rekja til starfa trúnaðarmannsins sem slíks. Í því sambandi er bent á, að Guðrún Birna lét nokkuð til sín taka í deilu starfsmanna við dvalarheimilið vegna vangreiddra launa, sem leiddi til málsóknar 7 starfsmanna, þar á meðal Guðrúnar Birnu, á hendur stefnda í september 1987. Verði það ekki talið nægilega sannað, telur stefnandi augljóst, að uppsögnin brjóti í bága við ákvæði 2. málslið 11. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi vísar í framburð þeirra Sigurðar Óskarssonar, formanns Verkalýðsfélagsins Rangæings, Guðrúnar Birnu Garðarsdóttur trúnaðarmanns félagsins, og Þórunnar Sigurðardóttur, fv.

starfsstúlku, hér fyrir dómi. Þar hafi, svo og í yfirlýsingu margra starfsstúlkna, sem unnið hafi með Guðrúnu Birnu, verið hraktar fullyrðingar stefnda um störf hennar og framkomu, enda séu þær allar rangar og ósannaðar.

## II.

Stefndi segir, að Guðrúnu Birnu Gardarsdóttur hafi verið sagt upp störfum með sammingsbundnum þriggja mánaða fyrirvara. Guðrún hafi í nokkur ár verið trúnaðarmaður stéttarfélags síns í starfsstöð stefnda. Þótt svo væri, hafi stefndi álitid, að hann hefði fulla heimild til að segja henni upp störfum, þar sem ástæður uppsagnarinnar tengdust ekki á neinn hátt störfum hennar sem trúnaðarmanns. Ástæður uppsagnarinnar voru ekki tilgreindar í sjálfu uppsagnarbréfinu, enda Guðrúnu sagt upp með sammingsbundnum uppsagnarfresti og því óskyld að tilgreina þær. Henni var þó fullkunnugt um ástæðurnar. Störf og framkoma Guðrúnar höfðu um nokkurt skeið valdið spennu og óróa á vinnustað, sem útilokað var að búa við lengur. Forstöðukona dvalarheimilisins lenti í bílslysi sumarið 1987 og var frá störfum í u.þ.b. 10 mánuði. Á því tímabili komst mikið los á störf Guðrúnar, og lét hún ekki segjast, er forstöðukonan kom aftur til starfa, þótt mikið væri til þess reynt af hálfu forstöðukonunnar. Samkvæmt upplýsingum fyrirsvarsmanna stefnda voru helstu ástæður uppsagnarinnar þessar:

1. Guðrún er ekki jafnlynd kona og átti stundum til að hreyta í vistfólk og starfsfólk af þeim sökum.
2. Þegar forstöðukona vakti athygli á því, sem betur mátti fara í störfum Guðrúnar, var því illa tekið af hennar hálfu, og harðneitaði hún því jafnan, að athugasemdir vegna starfs hennar ættu við nokkur rök að styðjast.
3. Þegar Guðrún var á vakt um helgar, var mun meiri órói meðal vistfólks en í annan tíma, og gerði hún þá kröfu til aukins magns af róandi lyfjum handa vistfólki.
4. Næturvaktir virtust vera Guðrúnu mun erfiðari en öðru starfsfólki, og þá var jafnan mun meiri órói meðal vistfólks að hennar sögn en á öðrum tímum, og hafði lækni stofnunarinnar verulegt ónæði af þessari ástæðu, að hann sagði.
5. Guðrún mætti að eigin sögn stundum til vinnu ósofin og örþreytt vegna erfiðra heimilisástæðna og mikils vinnuálags heima fyrir og lét þetta ástand sitt mjög bitna á starfsfólki og vistfólki.

6. Guðrún kom með heimilisþvott sinn til að þvo hann og þurrka í vinnutíma sínum og utan hans.
7. Guðrún kom með handavinnu sína í vinnuna og vann við hana þar í vinnutíma þrátt fyrir margítrekuð tilmæli um að gera þetta ekki.
8. Guðrún hvarf af vinnustað í 1-2 skipti í nær hverri vakt til að sinna heimilisstörfum sínum og öðrum persónulegum þörfum.
9. Látlausar heimsóknir og yfirseta yfir starfsfólki og vistfólki utan vinnutíma. Undan þessu var íðulega kvartað bæði af starfsfólki og vistfólki.
10. Bæði í vinnutíma og utan hans sífelldar kvartanir vegna persónulegra vandamála jafnt við starfsfólk sem vistfólk.
11. Stöðugar kvartanir við starfsfólk og vistfólk um vonda vinnu- aðstöðu og mikið vinnuálag.
12. Baktal og neikvætt umtal um vinnustaðinn, stofnunina og stjórnendur hennar við annað starfsfólk, vistfólk og hvern þann, er hlusta vildi.

Með hliðsjón af framantöldu hafði magnast á vinnustaðnum ástand, sem útilokað var að búa við. Tæpu ári áður en til uppsagnar Guðrúnar kom hafði komið upp ágreiningur um túlkun á einu atriði kjarasamnings, en sá ágreiningur var til lykta leiddur með kjarasamningi í maí 1988. Frá þeim tíma höfðu ekki verið uppi nein ágreiningsmál um kaup eða kjör starfsmanna hjá stefnda. Ekkert samband var því milli uppsagnar Guðrúnar og trúnaðarmannsstarfa hennar. Uppsögn var hins vegar óhjákvæmileg af þeim ástæðum, sem að framan greinir.

Málsástæður stefnda eru þær, að það sé meginregla samkvæmt vinnurétti, að starfsmanni sé skylt að vinna það verk, sem hann hefur ráðið sig til, og að vinna störf sín þannig, að viðunandi sé. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur nýtur trúnaðarmaður stéttarfélags sérstakrar verndar í starfi, en sú vernd nær þó fyrst og fremst til þeirra starfa, sem viðkomandi vinnur sem trúnaðarmaður. Ágreiningslaust er, að víkja megi trúnaðarmanni úr starfi sem öðrum starfsmönnum, ef hann brýtur alvarlega af sér í starfinu. Þá hefur verið talið, að vinnuveitandi geti gert þá kröfu til trúnaðarmanns stéttarfélags á vinnustað, að hann gefi gott fordæmi og gæti þess að framfylgja sjálfur réttum og eðlilegum starfsreglum á vinnustað. Hefur verið talið, sbr. dóm Félagsdóms

í VII. bindi, bls. 175, að misbrestur í þeim efnum af hálfu trúnaðarmanns geti veitt vinnuveitanda heimild til þess að segja trúnaðarmanni upp störfum þrátt fyrir þá sérstöku vernd gegn uppsögn, sem leiða verði af ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938 trúnaðarmanni til handa.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, hagar þannig til, að smám saman hafði af völdum Guðrúnar magnast ástand á vinnustað, sem stefndi gat ekki búið við og tekið var að smita út frá sér. Um var að ræða keðju atvika og framkomu, sem stigmögnuðust, fremur en að unnt væri að tiltaka einstakar gerðir Guðrúnar og segja, að þær hafi einar og sér veitt stefnda rétt til að segja henni upp. Af þeim sökum var og illmögulegt að koma við formlegum viðvörðunum. Forstöðukona stefnda hafði hins vegar margrætt þessi mál við Guðrúnu.

Bæði vinnuveitandi og starfsmaður geti sagt starfsamningi lausum án þess að tilgreina ástæður, ef það er gert með löglegum uppsagnarfresti. Stefndi telur, að hann hafi getað sagt Guðrúnu upp störfum án þess að tilgreina ástæður, þótt hún hafi verið trúnaðarmaður stéttarfélags síns, þar sem ástæður uppsagnarinnar tengdust ekki á neinn hátt störfum hennar sem trúnaðarmanns, eins og rakið hefur verið. Sé og rétt að hafa hugfast, að stundum þyki rétt áf tillitssemi við starfsmann að láta hjá líða að tíunda ástæður uppsagnar.

Stefndi vísar í framburði þeirra Jóns Þorgilssonar, stjórnarformanns stefnda, Elsie Júníusdóttur, forstöðukonu stefnda, og Ingvars Ágústssonar, fv. forstöðumanns, hér fyrir dómi. Þeir hafi leitt sönnur að lýsingum á framkomu og starfsháttum Guðrúnar Birnu Gardarsdóttur. Þegar þetta sé virt og litið sé til eðlis þessa vinnustaðar, megi ljóst vera, að eðli ávirðinganna hafi verið þannig, að formleg áminning hefði ekki skipt sköpum.

### III.

Dómurinn telur, að uppsögn trúnaðarmanns Verkalýðsfélagsins Rangæings, sem gerð var með bréfi stefnda dags. 27. febrúar 1989, hafi eigi átt rætur að rekja til starfa hans sem trúnaðarmanns í starfsstöð stefnda. Uppsögnin var því ekki andstæð 1. málslíð 11. gr. laga nr. 80/1938, svo sem stefnandi heldur fram.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að stefndi hafi sagt upp Guðrúnu Birnu Gardarsdóttur, án þess að formleg áminning hafi áður verið gefin. Þar sem Guðrún Birna var trúnaðarmaður með réttindum og skyldum samkvæmt I. kafla laga nr. 80/1938, telur dómurinn, að

vinnuveitandi hennar hafi átt að tjá henni skýlaust, að hann teldi starfsháttu hennar og framkomu með þeim hætti, að varðað gæti uppsögn úr starfi. Þar sem slík viðvörðun var ekki gerð, verður með hliðsjón af fordæmum Félagsdóms að telja, að uppsögnin hafi verið brot á meginreglu 2. málslíðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og þar með ólöglegt gagnvart Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur.

Eigi þykja efni til að taka til greina kröfu stefnanda um sekt á hendur stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila greiði sinn kostnað af málinu.

#### D ó m s o r ð:

Uppsögn stefnda, Dvalarheimilisins Lundar, á trúnaðarmanni Verkalýðsfélagsins Rangæings, Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, sem gerð var með bréfi, dags. 27. febrúar 1989, var brot á meginreglu 2. málslíðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólöglegt af þeim sökum.

Stefndi skal vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.

Hvor aðila greiði sinn kostnað af málinu.

---